

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 22. desember 2010 staðfest aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi aðalskipulag Siglufjarðar 2003-2023, staðfest 2. mars 2005 og aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990-2010, staðfest 25. nóvember 1991, og þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim.

Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.